

LÖG**um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Orðið „banki“ merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum, svo og Lánastofnun sparisjóðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1986.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.***LÖG****um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38
24. apríl 1973.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Helgason.